

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti

Skúlagötu 4-6

101 Reykjavík

anr@anr.is



Reykjavík 25. nóvember 2021

Efni: Umsögn um drög að rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2022-2024.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið birti á samráðsgátt stjórnvalda þann 11. nóvember sl. drög að rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2022-2024. Er um að ræða uppfærða rannsóknaráætlun og tengist málið fyrri rannsóknaráætlunum Ferðamálastofu.

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) skiluðu inn umsögn, dags. 9. júlí 2020, þegar rannsóknaráætlunin var birt á samráðsgátt 25. júní 2020, mál nr. S-120/2020. Í annað sinn sem drögin voru birt 7. janúar sl. sendu Samtök ferðaþjónustunnar inn umsögn, dags. 18. janúar 2021, mál nr. S 4/2021.

Mikilvægi öflun og framsetning gagna sé í samræmi við alþjóðlega staðla

Samtökin vilja minna á fyrri umsagnir, þar sem fram kemur m.a. að það sé mikilvægt að öflun og framsetning gagna sé í samræmi við alþjóðlega staðla. Það er forsenda þess að skilja þjóðhagslegt gildi ferðaþjónustunnar að til sé sæmilega áreiðanlegt mat á beinu framlagi greinarinnar í þjóðarframleiðslu og hinna ýmsu mælikvarða hennar (einkaneyslu, fjárfestingu, samneyslu (gjalda og tekjuhlið), útflutningstekjum, innflutningi, þjóðartekjum, landsframleiðslu, vinnuafli o.s.frv.). Virðisikeðja ferðaþjónustu er afar við og tengsl hennar við aðrar atvinnugreinar og geira eru fjölbreytt og margvísleg. Á vegum Sameinuðu þjóðanna (sjá t.d. heimasíðu UNWTO (United Nations World Trade Organization), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hefur verið þróuð aðferðafræði í þessu skyni sem kallast á ensku „Tourism Satellite Accounts“ og nefndir hafa verið ferðaþjónustureikningar á íslensku.

Umræddir ferðaþjónustureikningar eru hliðarreikningar við þjóðhagsreikninga og eru raunar hluti af heildstæðara upplýsingakerfi um ferðaþjónustu sem UNWTO hefur einnig þróað (IRTS 2008). Tekur það upplýsingakerfi t.a.m. til mælinga á umfangi ferðaþjónustunnar út frá neyslu og hegðun ferðamanna. Aðferðafræðin og upplýsingakerfið felur í sér staðla og viðmið sem mikilvægt er að beitt sé hér á landi, eftir því sem við á, m.a. til þess að gera innlend gögn og mælingar samanburðarhæfar við þær erlendu.

Samtökin telja að mikilvægt sé að innlend gagnaöflun á sviði ferðaþjónustunnar taki, eftir því sem við á, mið af ofangreindri alþjóðlegri aðferðafræði á þessu sviði. Það hefur ýmsa kosti. Sem fyrr getur, gerir það innlend gögn í ferðaþjónustu samanburðarhæfari við erlend gögn. Einnig er með þessum hætti e.t.v. unnt að nýta alþjóðlegar lausnir á vissum gagnaöflunarvandamálum sem glímt er við hér á landi.

Þá telja SAF það mikilvægt skref fram á við að Hagstofa Íslands hafi með sérstökum samningi við ANR hafið þróunarvinnu að gerð sérstakra ferðaþjónustureikninga fyrir íslenska ferðaþjónustu. Jafnframt telja samtökin mikilvægt að sú vinna verði varanlegur þáttur í þjóðhagsreikningagerðinni. Í því samhengi er mikilvægt að ferðaþjónustureikningar verði skýrgreindir/skilgreindir sem eitt af lögbundnum hlutverkum Hagstofunnar.

Bréf til Ferðamálastofu og ráðgjafarnefndar um gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu

SAF vilja að endingu vísa í meðfylgjandi bréf samtakanna frá 12. júní sl. sem var undirritað af framkvæmdastjóra og hagfræðingi samtakanna, sem á einnig sæti í ráðgjafarnefnd um gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu. Í bréfinu er nefndin hvött til að stuðla að heildstæðu upplýsingakerfi sem gagnast skynsamlegri stefnumörkun og ákvarðanatöku stjórnvalda og fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason

framkvæmdastjóri